

Byko ehf.
Skemmuvegi 2a
200 Kópavogi

Reykjavík, 26. júní 2024
UST202404-053/F.K.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 7.6.2024 vegna eftirlits með efnavöru í kjölfar ábendingar um vanmerкта vöru sem fyrirtækið Byko ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Varan, Krylon - Looking Glass - silver, var skoðuð og í eftirlitsskýrslu kemur fram þau frávik frá gildandi reglum sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Þann 10.06.2024 tilkynnti Byko ehf. að fyrirtækið hafi dregið vörurnar af markaði og hætt alfarið sölu þeirra og þann 25.06.2024 barst Umhverfisstofnun staðfesting á förgun efna frá Terra efnaeyðingu.

Að framansögðu telst máli þessu sem hófst með bréfi dags. 03.04.2024 lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með Krylon - Looking Glass - silver og því aðeins gerðar athugasemdir við vöruna sem ábending barst um. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Byko ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000,-.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Fífu Konráðsdóttur varðandi efnavörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur